

LANDSRÉTTUR

Dómur fimmtudaginn 18. júní 2026.

Mál nr. 611/2025:

Ákærvaldið

(Dröfn Kærnested saksóknari)

gegn

X

(Guðmundur St. Ragnarsson lögmaður,

Friðrik Smáráson lögmaður, 2. prófmál)

Lykilorð

Brot í nánu sambandi. Líkamsárás. Sönnun. Sýkna.

Útdráttur

X var ákærður fyrir ofbeldisbrot í nánu sambandi og fyrir barnaverndarlagabrot með þeim hætti sem nánar var rakið í átta liðum ákæru. Með hinum áfrýjaða dómi var X sýknaður af sakargiftum samkvæmt öðrum til fimmta lið ákæru, sjötta lið að hluta og sjöunda lið en sakfelldur samkvæmt fyrsta lið ákæru, sjötta lið að hluta og áttunda lið. Ákærvaldið ákvað að una niðurstöðu héraðsdóms og fyrir Landsrétti komu því aðeins til endurskoðunar þeir ákæruliðir sem X var sakfelldur fyrir í héraði og hann krafðist sýknu af fyrir Landsrétti. Í þeim ákæruliðum var X gefið að sök að hafa ráðist að A og tekið hana hálstaki með báðum höndum og lyft henni upp og kastað henni eða ýtt á þvottagrind þannig að hún datt í gólfíð, að hafa ítrekað á sambúðartíma þeirra tekið utan um andlit A með annarri hendi og kreist saman á henni kinnarnar og að lokum ítrekað hóttað A lífláti, í sumum tilvikanna í viðurvist barna brotþola og síns eigin barns. Í dómi Landsréttar kom fram að framburður A hefði verið stöðugur en að hann fengi aftur á móti ekki þá stoð í öðrum gögnum málsins að hann nægði til þess, gegn neitun ákærða, að talið yrði að ákærvaldinu hefði tekist að færa sönnun á sekt ákærða. Var X því sýknaður af kröfum ákærvaldsins.

Dómur Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómararnir Hervör Þorvaldsdóttir og Kristinn Halldórsson og Eiríkur Elís Þorláksson, settur landsréttardómari.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Ríkissaksóknari skaut málinu til Landsréttar 11. ágúst 2025 í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun. Málgögn bærust réttinum 5. desember 2025. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Norðurlands eystra 12. júní 2025 í málinu nr. S-[...]/2024.
- Ákærvaldið krefst þess að refsing ákærða verði þyngd.

- 3 Ákærði krefst sýknu af kröfum ákærvaldsins en til vara að refsing hans verði milduð.

Málsatvik og sönnunarfærsla

- 4 Málsatvikum er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Þá er þar reifaður framburður ákærða, brotaþola og annarra vitna í héraði.
- 5 Ákærða var upphaflega gefið að sök í málinu ofbeldisbrot í nánu sambandi með því hafa endurtekið og á alvarlegan hátt ógnað lífi, heilsu og velferð unnustu sinnar, sambýliskonu og barnsmóður, meðan á sambandi þeirra stóð frá byrjun ágúst 2019 og til 10. nóvember 2022, og brot gegn barnaverndarlögum nr. 80/2002, allt með þeim hætti sem nánar var tilgreint í átta töluliðum ákæru. Til vara var ákærða gefin að sök líkamsárás, hótanir og stórfelldar ærumeiðingar gegn maka og barnaverndarlagabrot.
- 6 Í hinum áfrýjaða dómi var því slegið föstu að ekkert í gögnum málsins benti til þess að ofbeldisástand hefði verið til staðar í sambandi ákærða og brotaþola frá byrjun ágúst 2019 og þar til í byrjun apríl 2020. Fellir ákærvaldið sig við þá niðurstöðu. Þá var ákærði með dómnum sýknaður af sakargiftum samkvæmt öðrum til fimmta lið ákæru, sjötta lið að hluta og sjöunda lið. Ákærvaldið unir þeirri niðurstöðu og er hún því ekki til endurskoðunar fyrir Landsrétti. Ákærði var aftur á móti sakfelldur samkvæmt fyrsta lið ákæru, sjötta lið að hluta og áttunda lið. Krefst hann sýknu af þeim sakargiftum fyrir Landsrétti.
- 7 Við aðalmeðferð málsins voru spilaðar hljóð- og myndupptökur af framburði ákærða og brotaþola í héraði.

Niðurstaða

- 8 Svo sem vísað er til í hinum áfrýjaða dómi hvílir sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik sem telja má honum í óhag á ákærvaldinu, sbr. 108. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Þá metur dómari samkvæmt 1. mgr. 109. gr. sömu laga hvort nægileg sönnun, sem ekki verði vefengd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um hvert það atriði sem varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við broti. Metur dómari það enn fremur, ef þörf krefur, hvert sönnunargildi þær staðhæfingar hafa sem varða ekki beinlínis það atriði sem sanna skal en ályktanir má leiða af um það, sbr. 2. mgr. sömu greinar.
- 9 Ákærða er í fyrsta lið ákæru gefið að sök að hafa 10. nóvember 2022, á þáverandi heimili sínu og brotaþola, ráðist að henni þar sem þau voru í þvottahúsi íbúðarhússins og tekið hana hálstaki með báðum höndum og lyft henni upp og síðan kastað henni eða ýtt á þvottagrind þannig að hún datt í gólfið. Afleiðingar þeirrar háttsemi ákærða eru sagðar hafa verið roði á hálsi brotaþola, vinstra megin, og þá hafi hún lýst særindum við að kyngja. „Daginn eftir árásina [hafi hún lýst] verkjum við hnakkafestur, háls og herðar, auk óþæginda við að kyngja.“
- 10 Ákærði neitar sök. Hann lýsti þessu atviki svo fyrir dómi að hann hefði komið heim úr vinnu, lagst í sófa og sofnað. Hann hefði vaknað við „skítkast“ frá brotaþola og þau

farið að rífast, meðal annars um forsjá sonar þeirra. Brotapoli hefði í kjölfarið strunsað niður í þvotthús og hann farið á eftir henni. Í þvottahúsinu hefði brotapoli ýtt eitthvað í hann en hún síðan hrasað um þvottagrind og dottið í gólfíð. Sérstaklega spurður kvaðst ákærði hvorki hafa tekið brotapola hálstaki í atganginum né lyft henni upp og kastað henni á þvottagrindina. Ákærði lýsti atvikum í aðalatriðum með sama hætti við skýrslugjöf hjá lögreglu sama dag og þau gerðust og sérstaklega spurður þvertók hann fyrir að hafa tekið um háls brotapola og lyft henni.

- 11 Brotapoli bar um atvik þetta fyrir dómi að ákærði hefði tekið það óstinnt upp þegar hún hefði innt hann eftir því hvort hann vildi ekki færa sig úr sófanum og inn í herbergi. Hún hefði reynt að forða sér frá honum niður í þvottahús en hann komið á eftir henni. Í þvottahúsinu hefði hann tekið um háls hennar með báðum höndum og lyft henni upp af gólfinu. Við það hefði hún lent á þvottagrind, sem fallið hefði um koll, og hún í kjölfarið sjálf fallið í gólfíð. Lýsingar brotapola á þessum atvikum fyrir lögreglu voru að meginsteftu til á sömu lund.
- 12 Í málinu liggur fyrir vottorð læknis 12. desember 2022. Í því kemur fram að brotapoli hafi leitað á heilsugæslu 10. nóvember sama ár í kjölfar deilna við sambýlismann sinn. Þar er jafnframt höfð eftir brotapola sú atvikalýsing að ákærði hafi „dregið hana með tak um hálsinn upp stiga og hrint henni inn í þvottahús.“ Um áverka brotapola segir í vottorðinu að hún hafi verið með roða vinstra megin á hálsi. Aðrir áverkar hafi ekki verið sýnilegir en brotapoli lýst særindum við að kyngja og kvartað yfir eymslum í hálsi. Degi síðar hafi brotapoli aftur leitað á heilsugæslu og þá lýst verk við hnakkafestur, háls og herðar, auk óþæginda við kyngingu.
- 13 Framburður brotapola hefur um atvik samkvæmt fyrsta lið ákæru verið stöðugur og hún verið samkvæm sjálfri sér. Hið sama má segja um framburð ákærða. Ljóst er að engir aðrir en þau tvö geta verið til frásagnar um atvikið. Ákæruvaldið hefur, auk framburðar brotapola, vísað til fyrrgreinds vottorðs læknis til stuðnings sakargiftum. Í því kemur meðal annars fram að brotapoli hafi verið í miklu uppnámi við skoðun. Eins og hér stendur á getur það takmarkaða þýðingu haft við úrlausn málsins, sérstaklega í ljósi þess að ráða má af vottorðinu, sem brotapoli og ákærði eru jafnframt sammála um, að þeim hafi orðið sundurorða umrætt sinn og þau deilt. Virða verður lýsingar lögreglu á uppnámi brotapola í sama ljósi. Þá verður ekki framhjá því horft að í læknisvottorðinu kemur það eitt fram um sýnilega áverka brotapola að hún hafi verið með roða á hálsi. Aðrar afleiðingar af ætlaðri háttsemi ákærða, sem í vottorðinu er lýst, eru hafðar eftir brotapola. Að þessu athuguðu þykir vottorðið ekki veita framburði brotapola viðhlítandi stoð varðandi þá grófu atlögu ákærða sem hún hefur borið um og honum er gefin að sök í ákæru. Þá geta ljósmyndir, sem upplýst var undir rekstri málsins fyrir Landsrétti að móðir brotapola tók að kvöldi þess dags er atvik máls gerðust, ekkert vægi haft við úrlausn þess, enda er ekkert á þeim að sjá umfram það sem lýst er í fyrrgreindu læknisvottorði. Samkvæmt öllu þessu fær framburður brotapola ekki þá stoð í öðrum gögnum málsins að hann nægi til þess, gegn

eindreginni neitun ákærða, að ákærvaldið teljist hafa axlað þá sönnunarbyrði sem á því hvílir samkvæmt 108. gr. laga nr. 88/2008. Er því ekki komin fram næg sönnun fyrir þeirri háttsemi sem ákærða er gefin að sök í fyrsta lið ákæru, svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa, sbr. 1. og 2. mgr. 109. gr. sömu laga, og ber því að sýkna hann af þeim sakargiftum.

- 14 Sakargiftir samkvæmt sjötta lið ákæru, eins og þær standa samkvæmt niðurstöðu hins áfrýjaða dóms og afstöðu ákærvaldsins til hennar, eru þær að ákærða er þar gefið að sök að hafa ítrekað á sambúðartímanum, nánar til tekið á tímabilinu frá því í byrjun apríl 2020 og til 10. nóvember 2022, tekið utan um andlit brotaþola með annarri hendi og kreist saman á henni kinnarnar.
- 15 Þá er ákærða í áttunda lið ákæru gefið að sök að hafa, frá því brotaþoli gekk með barn þeirra, sem fæddist í [...] 2021, ítrekað hótað henni lífláti og meðal annars sagt við hana að: „[E]f þú hættir með mér þá myrði ég þig“, í sumum tilvikanna í viðurvist barna brotaþola og síns eigin barns. Með vísan til orðalags ákærunnar og þess sem áður er rakið verður að leggja til grundvallar að ákærða sé gefin að sök lýst háttsemi á tímabilinu frá því í byrjun apríl 2020 og til 10. nóvember 2022.
- 16 Rannsókn lögreglu er laut að atvikum samkvæmt sjötta og áttunda lið ákæru var takmörkuð. Teknar voru skýrslur af ákærða og brotaþola, auk þess sem skýrsla var tekin af móður hennar, vitninu B, en hún bjó á heimilinu hluta þess tímabils sem nefndir ákæruliðir taka til. Aftur á móti var ekki tekin skýrsla af eiginmanni vitnisins, sem einnig bjó á heimilinu, en hann nú er látinn. Þá var þess heldur ekki freistað að taka skýrslu vitnis af elstu dóttur brotaþola, eftir atvikum fyrir dómi, sbr. c-lið 1. mgr. 59. gr. laga nr. 88/2008, en af framburði brotaþola má ráða að ástæða hafi verið til þess. Var rannsókn lögreglu samkvæmt þessu ekki fyllilega í samræmi við fyrirsmæli 53. og 54. gr. laga nr. 88/2008. Ákærvaldið tók allt að einu ákvörðun um að gefa út ákæru á grundvelli rannsóknarinnar, sbr. 145. gr. og 152. gr. sömu laga. Sú ákvörðun verður ekki endurskoðuð af dómstólum en þann vafa sem af framangreindu hlýst ber að skýra ákærða í hag, sbr. 108. gr. og 1. mgr. 109. gr. laganna.
- 17 Ákærði neitar sök samkvæmt sjötta lið ákæru. Fyrir dómi kvaðst hann hvorki hafa tekið utan um andlit brotaþola né nokkru sinni kreist saman á henni kinnarnar. Við skýrslugjöf hjá lögreglu 11. nóvember 2022, eða strax í kjölfar atvika samkvæmt fyrsta lið ákæru, kvaðst hann aftur á móti í eitt sinn hafa tekið utan um andlit brotaþola til að beina athygli hennar að sér, en þau hefðu þá verið að rífast og hún neitað að horfa framan í hann.
- 18 Þær sakargiftir sem hér um ræðir eru eingöngu reistar á framburði brotaþola og móður hennar. Fá þær ekki stoð í hlutrænum sönnunargögnum. Brotaþoli bar fyrir héraðsdómi að ákærði hefði meðan á sambúðinni stóð ítrekað tekið um andlit hennar. Það hefði hann gert þegar hún var ekki að hlusta á hann. Þá kvaðst móðir brotaþola nokkrum sinnum á því tæplega sex mánaða tímabili sem hún bjó á heimilinu hafa séð

ákærða taka utan um munn brotaþola og kreista saman á henni kinnarnar. Við mat á sönnunargildi framburðar brotaþola verður til þess að líta að af framburðinum í heild má ráða að á ýmsu gekk í sambandi hennar og ákærða. Þannig bar brotaþoli fyrir dómi að hún hefði slegið ákærða „oft á móti“. Þá kvaðst hún nánar spurð hafa „slegið [ákærða] og ýtt honum frá [sér] og sparkað honum ofan af [sér].“ Er þessi framburður brotaþola í samræmi við skilaboð sem hún sendi ákærða og liggja frammi í málinu. Við mat á framburði brotaþola og einnig framburði móður hennar verður heldur ekki framhjá því horft að frásagnir þeirra af atvikum samkvæmt sjötta lið ákæru komu fyrst fram hjá lögreglu eftir að sambúð brotaþola og ákærða lauk í kjölfar þeirra atvika sem um ræðir í fyrsta lið ákæru. Að endingu verður við mat á sönnunargildi framburðar móður brotaþola sérstaklega að horfa til hins nána skyldleika hennar og brotaþola, sbr. 126. gr. laga nr. 88/2008. Að öllu því heildstætt virtu sem hér hefur verið rakið þykir, gegn neitun ákærða, ekki komin fram næg sönnun þess, svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa, sbr. 1. og 2. mgr. 109. gr. sömu laga, að ákærði hafi sýnt af sér þá háttsemi sem honum er gefin að sök í sjötta lið ákæru og ber því að sýkna hann af þeim sakargiftum.

- 19 Ákærði neitar sök samkvæmt áttunda lið ákæru. Þær sakargiftir eru, líkt og sakargiftir samkvæmt sjötta lið ákærunnar, eingöngu reistar á framburði brotaþola og móður hennar. Með öllum þeim sömu rökum og að framan greinir í umfjöllun um sjötta lið ákæru þykir, gegn eindreginni neitun ákærða, ekki komin fram næg sönnun þess, svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa, sbr. 1. og 2. mgr. 109. gr. laga nr. 88/2008, að hann hafi sýnt af sér þá háttsemi sem honum er gefin að sök í áttunda lið ákæru. Ber því að sýkna hann af þeim sakargiftum.
- 20 Samkvæmt framangreindu verður ákærði sýknaður af kröfum ákæruvaldsins í málinu. Sakarkostnaður, eins og hann var ákveðinn í hinum áfrýjaða dómi, verður því felldur á ríkissjóð, sbr. 2. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008.
- 21 Með sömu rökum og að framan greinir greiðist áfrýjunarkostnaður málsins úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða sem ákveðin verða að meðtöldum virðisaukaskatti eins og greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, X, er sýkn af kröfum ákæruvalds í málinu.

Sakarkostnaður eins og hann var ákveðinn í hinum áfrýjaða dómi greiðist úr ríkissjóði.

Áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Guðmundar St. Ragnarssonar lögmanns, 1.060.200 krónur.

Dómur Héraðsdóms Norðurlands eystra [...] 2025

Mál þetta er höfðað af lögreglustjóranum á Norðurlandi eystra, með ákæru dagsettri 8. ágúst 2024, á hendur X, kt. [...], [...], [...], [...].

„fyrir ofbeldisbrot í nánu sambandi með því að hafa endurtekið og á alvarlegan hátt ógnað lífi, heilsu og velferð unnustu sinnar, sambýliskonu og barnsmóður A, kt. [...], með eftirgreindum hætti, á meðan á sambandi þeirra stóð, frá byrjun ágúst 2019 til 10. nóvember 2022, og fyrir eftirtalin barnaverndarlagabrot á nefndu tímabili. Til vara er hann ákærður fyrir líkamsárás, hótanir, stórfelldar ærumeiðingar gegn maka og barnaverndarlagabrot:

1. Að hafa fimmtudaginn 10. nóvember 2022, á þáverandi heimili þeirra að [...] á [...] ráðist að A þar sem þau voru í þvottahúsi íbúðarhússins og tekið hana hálstaki með báðum höndum og lyft henni upp og síðan kastað henni eða ýtt á þvottagrind þannig að hún datt í gólfið. Afleiðingar þessar hegðunar fyrir brotaþola var að hún var með roða á hálsi vinstra megin og lýsti særindum við að kyngja. Daginn eftir árásina lýsti hún verkum við hnakkafestur, háls og herðar, auk óþæginda við að kyngja.
2. Að hafa um jólin 2021, að [...], [...] hrint brotaþola þannig að hún féll á skógrind í forstofu íbúðarinnar, en ástæða þess var að brotaþoli kvartaði við ákærða að hann hjálpaði henni ekkert við jólaundirbúninginn, þar sem hann væri fullur.
3. Að hafa í október 2022, þar sem ákærði og brotaþoli voru í ferðalagi í [...], [...], hrint brotaþola inn í húsasund, þar sem þau voru á gangi um götur borgarinnar og síðan þegar þau komu heim á hótél sem þau dvöldu í ferðalaginu ráðist að brotaþola og rifið af henni sængina, þar sem hún lá í rúminu í herberginu sem þau leigðu á hótélinu, hrist brotaþola til og látið hana heyra hvað hún væri ömurleg og síðan farið, en komið síðar eftir að brotaþoli var sofnuð og ýtt sæng og kodda að andlit hennar.
4. Að hafa einhvertíman á árinu 2021, þegar þau bjuggu í íbúð að [...] á [...], ýtt brotaþola naktri inn í skáp, tekið hana hálstaki og þrýst upp undir kjálkann á henni, en þetta gerðist þegar börn þeirra voru við leik á neðri hæð hússins.
5. Að hafa sömuleiðis á árinu 2021, þegar þau bjuggu að [...] á [...], tekið um andlit brotaþola, það fast að hann skemmdi tanninnplant sem nýlega hafði verið settur í munn hennar.
6. Að hafa ítrekað á tímabilinu sem þau bjuggu saman tekið utan um andlit hennar með annarri hendi og kreist saman á henni kinnarnar, en þetta gerði ákærði þótt börnin væru á staðnum.
7. Að hafa einhvertíman á þessum sambúðartíma, þar sem ákærði hélt á ungunum syni sínum og brotaþola og ákærða hélt á dóttur sinni slegið brotaþola með flötum lófa í andlitið.

8. Að hafa frá því að hún gekk með barn ákærða og brotaþola, sem fæddist í [...] 2021, ítrekað hótað brotaþola lífláti, meðal annars sagt henni „ef þú hættir með mér þá myrði ég þig.“ Sumar þessar hótanir setti ákærði fram í viðurvist barna brotaþola og í viðurvist síns eigin barns.

Með ofangreindri hegðun olli ákærði brotaþola andlegum og líkamlegum þjáningum og ógnaði heilsu hennar og velferð, auk þess sem þessi hegðun í viðurvist barna þeirra og móður brotaþola, móðgaði og smánaði hana og sýndi börnunum sem voru fædd 2014, 2019 og 2021, vanvirðandi háttsemi og yfirgang.

Telst allt þetta varða við 1. mgr. 218. gr. b. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með síðari breytingum og 1. mgr. og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, með síðari breytingum, en til vara við 1. mgr. 217., 233. gr. og 233 gr. b almennra hegningarlaga og 1. mgr. og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, með síðari breytingum.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Ákærði krefst aðallega sýknu en til vara krefst hann vægustu refsingar sem lög leyfa. Auk þess krefst hann hæfilegra málsvarnarlauna sér til handa.

Aðalmeðferð fór fram 26. mars 2025 og var málið dómtekið að henni lokinni. Var málið endurflutt 2. júní 2025 og dómtekið að nýju.

Upphaf lögreglurannsóknar og rannsóknaraðgerðir

Frumrannsókn lögreglu

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu barst henni beiðni um aðstoð fimmtudaginn 10. nóvember 2022, kl. 14:27 frá Heilsugæslustöðinni á [...]. Læknir hafi hringt og látið vita af konu, A, brotaþola í máli þessu, sem hafði leitað til hans í miklu uppnámi vegna ofbeldis á heimili skömmu áður. Brotaþoli var stödd á Heilsugæslustöðinni á [...] ásamt móður sinni, B. Brotaþoli var í miklu uppnámi þegar lögregla kom á staðinn og grét mikið. Hún greindi frá ofbeldi sem hafi átt sér stað skömmu áður á heimili hennar að [...], [...], [...], auk fleiri tilvika. Hún kvaðst hafa verið í sambandi við ákærða síðan 2019 og hafði gengið á ýmsu í sambandinu. Hún kvaðst hafa átt tvær dætur áður en hún hóf sambúð með ákærða, en með honum hafi hún átt einn son. Brotaþoli skýrði frá atviki því, sem leiddi til þess að hún leitaði á heilsugæsluna. Ákærði og brotaþoli hafi farið að rífast um lítilsvert atriði í stofunni á heimili þeirra. Hún hafi ætlað að forða sér úr þeim aðstæðum og farið niður í þvottahús. Ákærði hafi elt hana þangað niður og haldið áfram að „drulla“ yfir hana. Hún hafi beðið hann að fara, en þá hafi hann reiðst og ráðist á hana, tekið hana hálstaki með báðum höndum og þrengt að öndunarvegi hennar. Hann hafi lyft henni upp og kastað henni á þvottagrind. Brotaþoli hafi náð að standa strax upp, ýtt ákærða frá sér og yfirgefið íbúðina. Hún hafi strax haft samband við móður sína og í kjölfarið hafi þær leitað til heilsugæslunnar. Aðspurð sagði brotaþoli að ákærði hafi verið allsgáður þegar framangreind atvik gerðust.

Í frumskýrslu lögreglu var haft eftir móður brotaþola, B, að hún hafi orðið vitni að ofbeldishegðun ákærða og hótunum hans um ofbeldi gagnvart brotaþola. Hún hafi búið inn á heimili hans og brotaþola á árinu 2021.

Í byrjun rannsóknar var tekin skýrsla í hljóði og mynd af brotaþola um framangreind meint atvik og fleiri atvik á sambúðartímanum. Brotaþoli kvað þau fyrst hafa farið að búa saman að [...] á [...], en síðan að [...], [...], í húsi sem hún keypti sjálf. Hún kvað mest hafa borið á andlegu ofbeldi af hálfu ákærða gagnvart sér þegar honum fannst að hún hafi gert eitthvað rangt. Hann væri mjög skapmikill og oft springi hann á endanum. Hann hafi ítrekað tekið hana hálstaki og oft slegið hana í andlitið með flötum lófa, stundum hafi hún þá verið með barn í fanginu. Ákærði hafi sett sæng yfir höfuð hennar þannig að hún átti erfitt með andardrátt. Brotaþoli kvaðst ekki hafa mátt læsa að sér klósettinu undir það síðasta, án þess ákærði gerði athugasemd við það. Sú hegðun hans hafi byrjað fljótlega eftir að hún sagði vinkonu sinni, D, frá atviki þegar hann hrinti henni og

lokaði inn í skáp, þegar þau bjuggu í [...]. D hafi í kjölfarið hringt í ákærða og upplýst hann um vitneskju sína um atvikið. Eftir þetta hafi farið að bera á mikilli tortryggni hjá ákærða gagnvart sér, hvað hún gerði og segði. Hún hafi varla mátt taka upp símann. Brotapoli sagði að stjúpfaðir hennar hafi tvisvar gert athugasemdir við ákærða, en það hafi einungis leitt til hins verra. Að sögn brotþola átti ákærði það til að taka utan um andlit hennar með annarri hendi og kreista saman kinnar hennar. Eitt sinn hafi hann gert þetta það fast að tannplanti hafi skemmst. Brotapoli greindi frá því að um jólin 2021 hafi ákærði hrint henni á skógrind í forstofunni. Í [...]ferð þeirra í október 2022 hafi ákærði reiðst mjög við hana og hrint henni inn í húsasund. Hún hafi orðið mjög hrædd við hann og óttast um líf sitt. Í kjölfarið hafi hún komist inn á hótél, þar sem hann kom síðar og setti sæng yfir höfuð hennar.

Ákærði var handtekinn á heimili brotþola þann 10. nóvember 2022. Við handtöku hans neitaði hann að hafa tekið brotþola hálstaki. Hann kvað þau hafa rifist stuttlega, hún hafi ýtt við honum en hann stjakað á móti.

Aflað var heimildar til öflunar gagna úr síma brotþola, dags. 18. nóvember 2022. Upplýsingarskýrsla var gerð vegna gagna úr síma brotþola, dags. 28. september 2023.

Þann 18. nóvember 2022 ákvað Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra að ákærði sætti nálgunarbanni gagnvart brotþola í þrjá mánuði. Þann 5. desember 2022 vísaði Héraðsdómur Norðurlands eystra frá kröfu Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra um staðfestingu á fyrrgreindri ákvörðun um nálgunarbann ákærða, þar sem staðfesting var ekki leitað innan tilskilins frests.

Frekari skýrslugjöf hjá lögreglu

Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu eftir vistun í fangaklefa þann 11. nóvember 2022 og neitaði ásökunum brotþola. Hann kannaðist við að hafa sofnað í sófa og hafi brotþola mislíkað það. Þau hafi farið að rífast og brotþoli síðan rokið niður í þvottahús og hann farið á eftir henni. Þar hafi hún ýtt í hann og hann sett hendurnar upp til að verja sig. Hann kvað brotþola hafa átt það til að klóra og klípa. Ákærði sagðist ekki beint hafa ýtt við henni, en þegar hann hafi sett hendurnar upp til að verja sig hafi brotþoli misstigið sig og hrasað á þvottagrind sem hafi verið aðeins fyrir aftan hana. Ákærði þvertók fyrir það að hafa tekið um hálsinn á brotþola með báðum höndum og lyft henni. Hún hafi hrasað við það að ýta í hann og slá til hans. Ákærði kvaðst aldrei hafa slegið hana eða tekið hana hálstaki. Ákærði neitaði að hafa hrint brotþola á skógrind í forstofu um jólin 2021. Hann kvaðst hafa verið í sjálfsvörn. Brotapoli hafi ráðist að sér með klóri og klípum, hann ýtt við henni og hún stigið á skó, sem var á gólfinu og við það misstigið sig og fallið á skógrindina. Ákærði neitaði alfarið öllum ásökunum brotþola um ofbeldi gagnvart henni í [...] í október 2022. Hann kannaðist við að þau hafi eitthvað rifist í þeirri ferð.

Ákærði kvaðst hafa einu sinni tekið um andlit brotþola og snúið því að sér, þegar hún hafi neitað að horfa framan í hann þegar þau voru að rífast. Ákærði neitaði því að hafa kreist kinnar brotþola það fast að tannfesting hafi losnað. Ákærði neitaði að hafa sagt að hann myndi drepa brotþola ef hún færi frá honum. Ákærði kvaðst ekki neyta fikniefna, en drykki áfengi mjög hóflega.

Þann 20. febrúar 2024 gaf brotþoli skýrslu hjá lögreglu. Hún staðfesti fyrri framburð sinn hjá lögreglu þann 10. nóvember 2022. Hún kvað ákærða ljúga um atburðarásina þann 10. nóvember 2022, kvað hann hafa tekið um hálsinn á sér og lyft sér upp. Hún kvað ákærða ljúga þegar hann segði að hann hafi verið að verja sig þegar hún datt á skógrind í forstofu. Brotapoli kvað ákærða hafi ýtt henni naktri inn í skáp þegar sonur þeirra var nokkurra mánaða, en hann er fæddur í [...] 2021. Hann hafi tekið hana hálstaki og þrýst undir kjálka. Hún hafi reynt að öskra á móður sína, sem þá bjó á heimilinu og var á neðri hæð hússins. Ákærði hafi þá öskrað herra og klórað sig sjálfur í andlitið og borið sig síðan illa við móður brotþola. Varðandi atvik í [...] mótmælt hún lýsingu ákærða á atvikum, hann hafi gert meira en að kasta í hana kodda eins og ákærði hafi lýst í skýrslu. Brotapoli kvað ákærða hafa notað bæði sæng og kodda til að halda fyrir andlit hennar þannig hún óttaðist um líf sitt. Hún kvað ákærða hafa verið mjög drukkinn í ferðinni. Brotapoli kvaðst hafa orðið mjög hrædd í þetta skipti og sent systur sinni og móður skilaboð þess efnis að ef hún léti ekki vita af sér fyrir ákveðinn tíma væri ákærði búinn að drepa hana. Brotapoli kvað ákærða hafa kreist andlit sitt og skemmt tannplant á meðan þau bjuggu í [...] á árinu 2021. Með þessu hafi hann skekkt skrófu í gómi hennar, sem nýlega hafði verið sett í hana

og var enn að gróa. Brotapoli kvað ákærða þrisvar hafa hótað sér með orðunum „ef þú hættir með mér þá myrði ég þig.“ Tvisvar hafi hann viðhaft þessi orði þegar þau bjuggu í [...] og einu sinni þegar þau bjuggu á [...]. Í eitt skipti hafi dóttir brotaþola, E, heyrt slíka hótun og í annað sinn hafi móðir brotaþola heyrt hótun í garð brotaþola.

Þann 18. febrúar 2024 var tekin símaskýrsla af vitninu D. Hún kvaðst ekki hafa orðið vitni af ofbeldi ákærða gagnvart brotaþola. Hún kvaðst hins vegar hafa fengið upplýsingar í skilaboðum frá brotaþola um að ákærði hafi gengið í skrokk á henni á meðan hún og ákærði bjuggu saman.

Þann 23. febrúar 2024 gaf vitnið B, móðir brotaþola, skýrslu hjá lögreglu. Vitnið kvað brotaþola hafa haft samband við sig eftir hádegi þann 10. nóvember 2022. Vitnið kvaðst hafa búið nálægt brotaþola, en verið í félagstarfsemi annars staðar í nágrenninu, þegar hún hafi hringt hálf grátandi og beðið sig að koma til sín strax. Hún hafi séð að brotaþoli var rauð á hálsinum. Vitnið kvaðst hafa sagt brotaþola að fara strax til lækni og hafi þær farið saman á heilsugæsluna. Þar hafi læknir skoðað brotaþola. Síðan hafi hann haft samband við lögreglu. Brotapoli hafi skýrt vitninu frá því hvað gerðist fyrr um daginn. Ákærði hafi sofnað í sófanum heima hjá þeim og hafi brotaþoli spurt hann hvort hann vildi ekki frekar fara upp rúm til að fara betur með bakið á sér. Vegna þessa hafi ákærði orðið reiður. Hún hafi síðan farið niður í þvottahús og ákærði farið á eftir henni. Í þvottahúsinu hafi ákærði tekið brotaþola hálstaki, hent henni til með þeim afleiðingum að hún hafi dottið á þvottasnúru, sem hafi fallið um koll. Vitnið kvaðst hafa trúað þessari frásögn brotaþola, þar sem hún hafi séð svona hegðun áður hjá ákærða. Vitnið kvaðst hafa séð þegar ákærði ýtti brotaþola upp að vegg og hafi sett handlegginn á hálsinn á henni. Aðspurð kvaðst vitnið hafa séð þannig hegðun nokkrum sinnum á meðan hún og sambýlismaður hennar bjuggu hjá brotaþola og ákærða. Þau hafi búið á heimili þeirra í sex mánuði og hafi flutt út í [...] 2021. Vitnið kvaðst oft hafa séð ákærða tekið um kjálka brotaþola eins og hann væri að þvinga hana til að opna munninn. Vitnið kvaðst hafa stöðvað þessa hegðun nokkrum sinnum og hafi ákærði þá reiðst og kallað hana mörgum illum nöfnum. Vitnið kvaðst oft að beiðni brotaþola hafa farið heim með henni til að kanna í hvernig skapi ákærði væri, þar sem hún hafi verið hrædd við hann. Ef hann hafi verið þokkalega stemmdur hafi hún farið heim til sín fljótlega. Stundum hafi hún staldrað við í slíkri „heimsókn“ á meðan hann róaði sig niður. Vitninu kvaðst hafa liðið illa þegar hún bjó á heimilinu og taldi greinilegt að ákærði ætti mjög erfitt andlega. Vitnið kvaðst hafa verið viðstödd þegar elsta barn brotaþola, E, var látin vita um stöðuna eftir að málið hófst 10. nóvember 2022. Stúlkan hafi spurt hvort ákærði hafi tekið um hálsinn á móður sinni. Þegar því var svarað játandi hafi hún farið að gráta og sagt að hún hafi oft verið búin að heyra þegar hann meiddi mömmu hennar.

Skrifleg gögn um brotaþola

Vottorð, dags. 12. desember 2022, er gefið út af F, lækni. Meðal annars kemur fram í vottorðinu að brotaþoli hafi leitað til heilsugæslunnar á [...] þann 10. nóvember 2022 í kjölfar deilna við sambýlismann sinn. Brotapoli hafi verið í miklu uppnámi og átt erfitt með samskipti og kvaðst hafa verið í ofbeldisfullu sambandi til nokkurra ára. Lýsti ofbeldi maka fyrr um daginn, hann hafi tekið um hálsinn á henni og hrint henni inn í þvottahúsi. Við skoðun þennan dag hafi hún verið með roða á hálsi vinstra megin. Lýsti særindum við að kyngja og kvartaði undan eymslum í hálsi. Leitað einnig á heilsugæslu degi síðar. Lýsti verk við hnakkafestur, háls og herðar. Fann fyrir óþægindum við að kyngja.

Vottorð, ódagsett, er gefið út af G, tannlækni. Meðal annars kemur fram í vottorðinu að brotaþoli hafi fengið tannplanta vegna meðfæddrar vöntunar tanna. Þann 3. febrúar 2022 hafi verið settur niður planti á svæði 45. Þann 31. mars sama ár hafi plantakróna verið fest á viðkomandi planta. Þann 11. júlí hafi brotaþoli komið með óþægindi á greindu svæði. Áverkar í andliti, mar og bólgur. Lýsir verkjum og kveðst hafa verið skrýtin tvær vikur. Kúla og bólgin undir tannplanta 45.

Önnur gögn

Bótakrafa brotaþola, dags. 20. október 2022, er meðal gagna málsins. Fulltrúi ákærvalds upplýsti við aðalmeðferð málsins að vegna mistaka hafi bótakrafan ekki verið tekin upp í ákæru.

Framburður ákærða, brotaþola og annarra fyrir dómi

Ákærði kvað þau brotaþola hafa byrjað sambúð að [...], [...], síðan hafi þau búið að [...]. Sambúðin hafi gengið vel fyrstu tvö árin þangað til hún varð ólétt að syni þeirra, sem fæddist í [...] 2021. Eftir það tímamark hafi sambúðin orðið erfið, hún orðið árásargjörn. Sambúðin hafi slitnað þann 10. nóvember 2022. Aðspurður um málsatvik þann 10. nóvember 2022 kvaðst hann hafa sofnað í sófanum um hádegisbil eftir að hafa lokið störfum þann daginn í [...]. Hann hafi vaknað við skítkast frá brotaþola. Síðan hafi þau farið að rífast og það hafi leitt til þess að þau hafi rifist um forsjá sonar þeirra. Það hafi verið smá deiluefni á milli þeirra og hún neitað honum um að vera með skráða forsjá drengsins. Hún hafi síðan strunsað niður í þvottahús og hann á eftir henni, sem endað hafi með því að hún hafi ýtt eitthvað í hann og síðan hrasað um þvottagrindina og dottið á gólfíð. Þá hafi rifrildinu lokið. Hún hafi fljótlega farið út og sagst vera að fara í búð og ná í dóttur sína. Lögreglan hafi síðan komið um fimm leytið og handtekið hann.

Aðspurður kvaðst ákærði ekki hafa verið skráður í sambúð með brotaþola né skráður með sama lögheimili og hún. Hún hafi ekki viljað það. Aðspurður kveðst ákærði ekki hafa tekið brotaþola hálstaki í umrætt sinn, lyft henni og kastað á þvottagrind. Hann neitaði einnig að hafa ýtt við henni í þetta sinn. Hún hafi ýtt honum og hrasað um þvottagrindina og dottið sjálf. Aðspurður kvaðst hann ekki hafa séð hana detta þannig að hún hafi lent með hálsinn á grindinni.

Aðspurður um atvik að [...] um jólin 2021 kvað ákærði, að upphafið hafi verið að brotaþoli hafi ýtt í hann og klórað hann. Hann hafi þurft að verja sig. Í gassagangi hennar hafi hún dottið á skógrindina í forstofunni. Upphafið að þessum deilum hafi verið afbrýðisemi í brotaþola út í stelpu, sem átti sér enga stoð og hafi verið rugl hjá brotaþola.

Aðspurður neitaði ákærði öllu ofbeldi í garð brotaþola í [...] í október 2022. Aðspurður neitaði ákærði að hafa ýtt brotaþola inn í skáp þegar þau bjuggu í [...] á [...] og einnig að hafa tekið hana hálstaki og ýtt undir kjálka hennar. Ákærði neitaði einnig að hafa þrýst að kjálkum hennar þannig að tannplanti hafi skemmst. Aðspurður kvaðst hann ekki hafa tekið um andlit hennar og kreist saman á henni kinnarnar. Hann neitaði að hafa slegið hana og tekið hana kyrkingartaki. Aðspurður kvaðst ákærði aldrei hafa hóttað brotaþola með því að segja við hana „ef þú hættir með mér þá myrði ég þig.“

Ákærði kvað brotaþola hafa verið erfiða í sambúð, hún hafi verið árásargjörn, klórað hann til blóðs og kýlt hann. Hann kvaðst ekki geta útskýrt framangreinda ofbeldishegðun brotaþola. Ákærði kvaðst halda að brotaþoli hafi komið þessi máli af stað til að tryggja að hún hefði ein forsjá sonar þeirra. Ákærði kvaðst aðspurður kannast við að D hafi haft samband við sig á meðan sambúð ákærða og brotaþola stóð og sakað hann um ofbeldi gagnvart brotaþola. Ákærði staðfesti lögregluskýrslu af honum sem var tekin 11. nóvember 2022 og framlögð Messenger skilaboð á milli hans og brotaþola á árinu 2021 og á tímabilinu 11. – 18. nóvember 2022.

Brotaþoli kvaðst hafa byrjað með ákærða í kringum verslunarmannahelgi 2019. Ákærði hafi flutt til sín á [...] á [...] eftir að strákurinn þeirra fæddist í [...] 2021. Í fyrstu hafi hún ekki viljað fá hann inn á heimilið, þar sem hann var með hund. Hann hafi síðan látið hundinn frá sér og hafi hún fengið að heyra það frá ákærða að það hafi verið honum erfitt. Ef upp hafi komið rifrildi þeirra á milli hafi hann gjarnan sagt að ef hún hætti með honum þá ætlaði hann að myrða hana. Brotaþoli kvað líkamlegt ofbeldi ákærða gagnvart sér hafa byrjað með því að hann tók um kinnarnar á henni. Hann hafi einnig beitt andlegu ofbeldi. Í skapofsa hafi hann kallað hana þroskahefta og fávita. Við skýrslutökuna lýsti brotaþoli því hvað henni þætti erfitt að rifja upp þessi atvik þegar svona langt væri um liðið. Hún væri búinn að leita sér aðstoðar hjá [...] í meira en ár.

Aðspurður um atvik sem gerðust 10. nóvember 2022 á [...], [...], kvað hún ákærða hafa komið heim úr vinnu milli kl. 11-12. Hann hafi lagst í sófa og sofnað í hnipri. Þegar hann hafi sofið í rúmlega klukkutíma hafi hún spurt hvort hann vildi ekki fara inn í herbergi, þar sem hann hafi verið að kvarta undan verkjum í bakinu. Hann hafi rokið upp við þetta og ekki hætt þótt hún hafi beðið hann um það. Stundum hafi dugað að forða sér og þess vegna hafi hún farið niður í þvottahús, en hann þá komið á eftir henni þangað. Hann hafi tekið utan um hálsinn á henni með báðum höndum með þumlanum yfir framan á hálsinum. Hann hafi síðan lyft henni upp af gólfinu og hafi hún lent á þvottagrind sem féll um koll og hún sjálf dottið á gólfíð. Hún hafi strax komið sér á fætur og hlaupið framhjá honum, upp stigann og út. Hann hafi spurt hana hvert hún væri að fara. Hún kvaðst hafa svarað

að hún ætlaði að ná í krakkana. Hún kvaðst hins vegar hafa keyrt strax til mömmu sinnar, sem hafi farið með hana upp á spítala. Læknirinn hafi síðan hringt í lögregluna.

Aðspurð um meint atvik um jólin 2021 að [...] kvaðst brotaþoli telja að á Þorláksmessu hafi ákærði tekið hana upp í forstofunni og ýtt henni þannig að hún lenti á vinstri hliðinni á skógrind. Hún hafi orðið svört af mari.

Brotaþoli lýsti ferð með ákærða til [...] í október 2022. Hún kvað ákærða hafa verið í hryllilegu skapi alla ferðina og hafi hann drukkið mikið. Hún kvað hann hafa kastað sér inn í húsasund og öskrað á eftir sér. Hún hafi orðið skíthrædd. Hún hafi komst síðan í leigubíl sem ók henni á hótelið, þar sem þau gistu. Eina nóttina í [...] kvað brotaþoli að ákærði hafi komið að henni hálfsofandi á hótélherberginu og sett sæng fyrir andlitið á henni, þannig að hún átti erfitt með að losa sig. Hún hafi orðið mjög hrædd og beðið hótélstarfsfólk að athuga um hana morguninn eftir. Auk þess hafi hún sent skilaboð til mömmu sinnar og beðið hana að láta lögreglu vita ef hún hefði ekki samband á milli sjö og átta um morguninn.

Aðspurð um hvenær ákærði hafi ýtt henni naktri inn í skáp í [...], kvaðst hún ekki muna það eftir þetta langan tíma og ekki heldur aðdragandann að þessu atviki, en kvaðst þó muna að þetta hafi gerst inn í fataherbergi og að móðir hennar hafi verið niðri með börnin.

Aðspurð um atvik þegar tannplantur hjá henni skemmdist kvaðst hún ekki muna nákvæmlega aðdraganda að því. Hún kvað ákærða hafa á sambúðartímabilinu tekið um andlitið á henni og kreist saman kinnarnar á henni. Venjulega hafi þetta gerst þegar hún hlustaði ekki á hann og hann vildi tala við hana. Þetta hafi gerst þegar börnin voru nálæg.

Aðspurð kvað brotaþoli að börn hennar, og þá sérstaklega elsta dóttir hennar, hafi verið nálæg þegar ákærði hafi tekið brotaþola hálstaki, slegið hana heyrnt hann drulla yfir hana.

Aðspurð um málsatvik varðandi ákærulið nr. 7 þar sem ákærði er sakaður um að hafa slegið hana með flötum lófa í andlitið að viðstöddum tveimur börnum, kvað brotaþoli að þetta hafi gerst að [...]. Hún og ákærði hafi verið að rífast um forsjá sonar þeirra. Ákærði hafi haldið á syni þeirra í fanginu og hún á yngri dóttur sinni. Ákærði hafi slegið hana með flötum lófa á hægri kinn. Brotaþoli staðfesti að ákærði hafi nokkrum sinnum á sambúðartímanum hóttað að myrða hana ef hún hætti við hann. Fyrst hafi þetta gerst þegar hún var ólétt að barni þeirra.

Móðir brotaþola, B, kvað sig og sambýlismann sinn hafa fengið að búa hjá brotaþola og ákærða á meðan viðgerð á þeirra húsi stóð yfir. Líklega hafi þetta verið um sex mánuðir. Aðspurð kvaðst hún hafa orðið vör við líkamleg átök, þannig að ákærði hafi sett handlegginn oft á hálsinn á brotaþola upp að vegg. Hann hafi einnig gripið um kjálkana á henni. Vitnið kvaðst einu sinn hafa heyrnt brotaþola segja að ef hann þyrfti að fara af heimilinu myndi hann myrða hana. Vitnið hafi þá verið að leika við barn inn í herbergi og farið til ákærða og spurt hann hvort hann hafi verið að segja eitthvað. Hann hafi neitað því og rokið út með látum. Vitnið taldi nokkuð öruggt að brotaþoli hafi sent sér skilaboð frá [...] þar sem hún hafi beðið sig að athuga um hana morguninn eftir.

Aðspurð kvaðst vitnið ekki hafa orðið vitni af atburðum á heimili brotaþola og ákærða þann 10. nóvember 2022. Brotaþoli hafi haft samband við sig í síma og beðið hana að aðstoða sig strax. Brotaþoli hafi þá verið komin á heimili vitnisins. Þegar vitnið hafi komið til brotaþola var hún hágrátandi og öll eldrauð á hálsinum. Brotaþoli hafi skýrt vitninu þannig frá að ákærði hafi tekið hana hálstaki, hent sér síðan á þvottagrindina og hún skolið svo niður. Vitnið kvaðst hafa strax lagt til að brotaþoli leitaði læknis. Hún hafi fengið skoðun hjá læknum, F, sem hafi síðan kallað lögregluna til. Aðspurð kvaðst vitnið hafa séð ákærða beita brotaþola ofbeldi á meðan hún dvaldi á heimilinu hjá þeim. Hún hafi séð sjö til átta slík tilvik. Hann hafi ráðist að hálsi hennar og andliti. Vitnið kvaðst hafa spurt ákærða oftast en einu sinni hvað hann væri að gera og hann hafi svarað að hann væri ekki að gera neitt og annað hvort hafi hann rokið út eða farið upp í herbergi. Vitnið kvaðst ekki hafa séð ákærða slá brotaþola. Vitnið kvað ákærða hafa verið mjög skapbráðan og hafi þurft lítið til að koma honum úr jafnvægi. Vitnið tók fram að hann hafi aldrei ráðist að henni, nema með orðum. Hann hafi meðal annars sagt að henni kæmu hlutirnir ekkert við og skyldi þegja. Hún sagðist hafa fengið yfirhalingu frá ákærða þegar hún neitaði honum dauðadrukknunum að sjá um yngsta barnið á heimilinu yfir nótt, en brotaþoli

var þá ekki heima. Undir vitnið voru borin neðangreind ummæli sem eftir henni voru höfð í frumskýrslu lögreglu um upphaf málsins 10. nóvember 2022. Hún sagði það ekki alls kostar rétt þegar haft var eftir henni í skýrslunni að hún hafi „séð nokkrum sinnum til X þegar hann gerði sig líklegan til að taka A hálstaki en hætti við þar sem hún væri á staðnum“ Vitnið kvaðst hafa séð ákærða sjö eða átta sinnum í líkamlegum átökum við brotþola með þeim hætti að hann hafi ráðist að hálsi hennar og andliti. Nokkrum sinnum hafi hann þrýst handlegg að hálsi hennar og upp að vegg. Einnig tók hann nokkrum sinnum fyrir munninn á henni með hendinni og kreisti kinnunum hennar saman. Þetta hafi hún séð samtals sjö eða átta sinnum.

Vitnið, D, kvaðst hafa verið vinkona brotþola. Hún kvaðst hafa fengið upplýsingar með skilaboðum frá brotþola um að ákærði beitti hana ofbeldi á heimilinu. Hafi lokað hana nakta inn í skáp, tekið hana hálstaki og hent henni upp að vegg. Vitnið skýrði frá því að brotþoli hafi komið heim til hennar fyrir sunnan, þegar sonur brotþola var lítill. Þá hafi brotþoli verið með áverka um allan líkamann. Vitnið hafi séð áverka á höndum og baki. Vitnið kvaðst hafa haft samskipti við ákærða á Facebook um ofbeldið gagnvart brotþola. Hann hafi komið af fjöllum. Aðspurð kvað vitnið að brotþoli hefði reiðst mikið við sig þegar hún frétti af þessum samskiptum hennar við ákærða. Í framhaldinu hafi hún slitið vinskáp við sig af þessum sökum.

Vitnið, H, lögreglumaður, sem gerði frumskýrslu málsins, kvaðst hafa hitt brotþola og móður hennar á heilsugæslunni á [...] eftir að lækni hafi tilkynnt heimilisofbeldi gagnvart brotþola. Brotþoli hafi verið í miklu uppnámi, grátið mikið og hafi verið erfitt að fá hana til að tjá sig. Aðspurð um áverka á brotþola kvaðst hún hafa séð roða á hálsi hennar allan hringinn, en ekki nein handaför. Hún staðfesti frumskýrslu sína, en lét þess getið að nafn móðir brotþola hafi verið ranglega skráð [...], en rétt nafn móður brotþola sé B.

Niðurstaða

Samkvæmt 108. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 hvílir sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik sem telja má honum í óhag á ákærvaldinu og verður ákærði því aðeins sakfelldur að nægileg sönnun, sem ekki verði vefengd með skynsamlegum rökum, teljist fram komin um hvert það atriði er varðar sekt, sbr. 1. mgr. 109. gr. Metur dómari enn fremur, eftir því sem þörf krefur, hvert sönnunargildi þær staðhæfingar hafa sem varða ekki beinlínis það atriði sem sanna skal en ályktanir má leiða af um það, sbr. 2. mgr. 109. gr.

Samkvæmt 1. mgr. 111. gr. gildir einnig sú grundvallarregla að dómur skuli reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi.

Í ákæru er ákærða gefið að sök ofbeldisbrot í nánú sambandi með því að hafa endurtekið og á alvarlegan hátt ógnað lífi og velferð unnustu sinnar, sambýliskonu og barnsmóður, A, á meðan sambandi þeirra stóð frá byrjun ágúst 2019 til 10. nóvember 2022. Með þessari hegðun hafi ákærði valdið brotþola andlegum og líkamlegum þjáningum og ógnað heilsu hennar og velferð, auk þess sem þessi hegðun í viðurvist barna hennar og móður brotþola, móðgaði og smánaði hana og sýndi börnunum, sem eru fædd árið 2014, 2019 og 2021 vanvirðandi háttsemi og yfirgang.

Er þetta talið varða við 1. mgr. 218. gr. b. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. mgr. og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, en til vara við 1. mgr. 217., 233. gr. og 233 gr. b almennra hegningarlaga og 1. mgr. og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Ekkert í gögnum málsins bendir til þess að ofbeldisástand hafi verið til staðar í sambandi ákærða og brotþola frá byrjun ágúst 2019 þar til í byrjun apríl 2020. Þessa niðurstöðu styður eindregið framburður brotþola sem bar fyrir dómi að ofbeldishegðun ákærða gagnvart sér hafa fyrst byrjað eftir að hún varð barnshafandi árið 2020, en barnið hafi hún fætt í [...] 2021. Af þeim sökum verður hér að neðan fjallað um sekt eða sýknu ákærða samkvæmt 1. tl. til 8. tl. ákærunnar á tímabilinu byrjun apríl 2020 til 10. nóvember 2022. Rannsókn lögreglu varðandi alla ákæruliði hófst þegar brotþoli leitaði á heilsugæslustöðina á [...] þann 10. nóvember 2022, eftir hvatningu frá móður hennar.

1. ákæruliður

Meint brot samkvæmt þessum ákærulið er talið hafa átt sér stað 10. nóvember 2022 á heimili ákærða og brotþola. Ákærður er sakaður um að hafa ráðist á brotþola tekið hana hálstaki með báðum höndum lyft henni upp og ýtt henni á þvottagrind og síðan hafi hún dottið á gólfíð. Afleiðing þessa fyrir brotþola hafi verið roði vinstra megin á hálsi og særindum við að kyngja. Framburður brotþola fyrir lögreglu og fyrir dómi um atburðarrásina hefur verið stöðugur og trúverðugur frá öndverðu. Framburður brotþola fær stoð í vottorði læknisins, F. Hann lýsti brotþola í miklu uppnámi við komu á heilsugæsluna á [...] og sá ástæðu til að kalla til lögreglu. Við skoðun sá hann roða á hálsi brotþola vinstra megin og auk þess hafi hún lýst særindum við að kyngja og eymslum í hálsi. Við komu daginn eftir hafi hún lýst verk við hnakkafestur, háls og herðar. Auk þess hafi hún ennþá fundið fyrir óþægindum við að kyngja. Af ljósmyndum af brotþola sem lögreglan tók 10. nóvember 2022 má greina roða á hálsi. Vitnið, B, móðir brotþola, sá hana skömmu eftir hinn meinta atburð. Vitnið lýsti í lögregluskýrslu og fyrir dómi að brotþoli hafi verið rauð á hálsinum þegar hún sá hana þann 10. nóvember 2022. Lögreglumaðurinn, H tók skýrslu af brotþola 10. nóvember 2022 og lýsti roða á hálsi hennar.

Við handtöku ákærða þann 10. nóvember 2022 var honum kynnt réttindi sakbornings. Hann kvaðst þá kannast við að hafa rifist stuttlega við brotþola fyrr um daginn, hún hafi ýtt við honum og hann stjakað á móti. Hann neitaði hins vegar sakagiftum. Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu eftir vistun í fangaklefa daginn eftir og neitaði ásökunum brotþola. Hann kannaðist við að hafa sofnað í sófa og það hafi brotþola mislíkað. Þau hafi farið að rífast og brotþoli síðan rokið niður í þvottahús og hann farið á eftir henni. Þar hafi hún ýtt í hann og hann sett hendurnar upp til að verja sig. Hann kvað brotþola hafa átt það til að klóra og klípa. Ákærði kvaðst ekki beint hafa ýtt við henni, en þegar hann hafi sett hendurnar upp til að verja sig hafi brotþoli misstígið sig og hrasað á þvottagrind sem hafi verið aðeins fyrir aftan hana. Ákærði þvertók fyrir það að hafa tekið um hálsinn á brotþola með báðum höndum og lyft henni. Hún hafi hrasað við það að ýta í hann og slá til sín. Ákærði kvaðst aldrei hafa slegið hana eða tekið hana hálstaki. Dómurinn telur að þessi lýsing ákærða á samskiptum þeirra sé ekki trúverðug þegar litið er til frásagnar og ástands brotþola þegar hún kom á heilsugæsluna á [...] en þá var hún rauð á hálsi og í miklu uppnámi, eins og að framan greinir. Samkvæmt öllu því sem að framan er rakið þykir hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem á hann er borin í 1. ákærulið.

2. ákæruliður

Í þessum ákærulið er ákærði sakaður um að hafa hrint brotþola á skógrind um jólin 2021 að [...], [...]. Um atvik samkvæmt þessum ákærulið standa einungis orð ákærða gegn orðum brotþola og engin önnur gögn í málinu sem varpa ljósi á viðkomandi málsatvik. Með hliðsjón af sönnunarreglum og sönnunarkröfum laga nr. 88/2008, eins og fyrr greinir í niðurstöðum dómsins, er ósannað gegn eindreginni neitun ákærða fyrir dómi, að hann hafi brotið með refsiverðum hætti gegn brotþola á tilgreindan hátt.

3. ákæruliður

Í þessum ákærulið er ákærði sakaður um ofbeldisfulla háttsemi gangvart brotþola í [...] í október 2022. Um atvik að meintum brotum ákærða samkvæmt þessum ákærulið standa einungis orð ákærða gegn orðum brotþola. Engin önnur gögn liggja fyrir í málinu sem varpa ljósi á viðkomandi málsatvik. Með hliðsjón af sönnunarreglum og sönnunarkröfum laga nr. 88/2008, eins og fyrr greinir í niðurstöðum dómsins, er ósannað gegn eindreginni neitun ákærða fyrir dómi, að hann hafi brotið með refsiverðum hætti gegn brotþola á tilgreindan hátt.

4. ákæruliður

Í þessum lið er ákærði sakaður um að hafa á árinu 2021 að [...] á [...] meðal annars ýtt brotþola naktri inn í skáp. Um atvik að meintum brotum ákærða samkvæmt þessum ákærulið standa nær einungis orð ákærða gegn orðum brotþola. Í dómsskýrslu vitnisins, D, vinkonu brotþola, kom fram að brotþoli hafi sagt sér á meðan sambúðinni stóð að ákærði hafi meðal annars hent henni naktri inn í skáp án þess að gera nánari grein fyrir atvikum, s.s. tímasetningu og afleiðingum hinnar meintu háttsemi ákærða. Vitnið kvaðst ekki hafa séð neitt ofbeldi af hálfu ákærða. Hún kvaðst hafa haft samband við ákærða í framhaldinu, en hann hafi ekki kannast við sakir brotþola. Með hliðsjón af sönnunarreglum og sönnunarkröfum laga nr. 88/2008, eins og fyrr greinir

í niðurstöðum dómsins, er ósannað gegn eindreginni neitun ákærða fyrir dómi, að hann hafi brotið með refsiverðum hætti gegn brotaþola á tilgreindan hátt.

5. ákæruliður

Í þessum lið er ákærði sakaður um að hafa tekið fast um andlit brotaþola á árinu 2021 að [...] á [...], með þeim afleiðingum að hafa skemmt tannplanta, sem nýlega hafði verið komið fyrir í munnni hennar. Um atvik að meintum brotum ákærða samkvæmt þessum ákærulið standa orð ákærða gegn orðum brotaþola. Vitnið, B, móður brotaþola, kvaðst ekki hafa orðið vör við að ákærði skemmdi tanninnplant hjá brotaþola, enda þótt hún hafi oft séð hann grípa um kjálka hennar. Í málinu liggur fyrir vottorð G, tannlæknis, þar sem hann tilgreinir að brotaþoli hafi verið til meðferðar hjá honum vegna uppsetningar á tannplanti á árinu 2022. Auk þess lýsir hann meðal annars áverkum í munnni og andliti og víðar á árinu 2022. Vottorð þetta verður því ekki til stuðnings meintri háttsemi ákærða á árinu 2021. Með hliðsjón af sönnunarreglum og sönnunarkröfum laga nr. 88/2008, eins og fyrr greinir í niðurstöðum dómsins, er ósannað gegn eindreginni neitun ákærða fyrir dómi, að hann hafi brotið með refsiverðum hætti gegn brotaþola á tilgreindan hátt.

6. ákæruliður

Í þessum lið er ákærði sakaður um að hafa ítrekað meðan þau bjuggu saman tekið með annarri hendi utan um andlit brotaþola og kreist saman á henni kinnarnar, en þetta á ákærði að hafa gert þótt börn væru á staðnum. Í þessum lið ákærunnar kemur til skoðunar hvort ákærði hafi gerst sekur um viðkomandi háttsemi á tímabilinu frá byrjun apríl 2020 til 10. nóvember 2022, samanber umfjöllun hér að framan.

Í lögregluskýrslu þann 11. nóvember 2022 kvaðst ákærði einu sinni hafa tekið utan um andlit brotaþola til að beina athygli hennar að sér. Þá hafi þau verið að rifast og hún neitað að horfa framan í hann. Fyrir dómi neitaði ákærði hins vegar alfarið að hafa tekið utan um andlit brotaþola og neitaði jafnframt að hafa nokkru sinni kreist saman á henni kinnarnar.

Í skýrslu vitnisins, B, móður brotaþola, hjá lögreglu þann 23. febrúar 2024 kom fram að hún og maður hennar hafi búið á heimili brotaþola og ákærða um sex mánaða skeið frá febrúar til ágúst 2022. Vitnið lýsti því að hafa séð ákærða nokkrum sinnum taka um kjálka brotaþola og vírst með því reyna að þvinga hana til að opna munninn. Fyrir dómi kvað vitnið brotaþola hafa verið mjög skapbráðan á heimilinu og hún hafi nokkrum sinnum séð ákærða taka utan um munninn á brotaþola og kreista saman á henni kinnarnar. Aðspurt kvað vitnið ekki rétt eftir sér haft í fumskýrslu lögreglu við upphaf málsins þann 10. nóvember 2022, að hún hafi séð ákærða gera sig líklegan til að taka brotaþola hálstaki. Hið rétta sé að hún hafi séð ákærða nokkrum sinnum ýta brotaþola upp að vegg. Í framburði vitnisins kemur ekki fram að hún hafi séð framangreinda háttsemi ákærða í viðurvist barna aðila. Dómurinn telur framangreindan framburð vitnisins stöðugan og trúverðugan. Taka ber tillit til þess að engin vitnaskýrsla var tekin af vitninu þann 10. nóvember 2022, þótt lögreglan hafi haft eftir henni ummæli um heimilislíf ákærða og brotaþola.

Fær framburður brotaþola stoð í framburði vitnisins B. Samkvæmt öllu því sem að framan er rakið þykir hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem á hann er borin í 6. ákærulið. Ekki hafa verið færðar nægar sannanir fyrir því að ákærði hafi viðhaft viðkomandi háttsemi í viðurvist barna, sem voru á heimilinu.

7. ákæruliður

Samkvæmt þessum ákærulið er ákærði sakaður um að hafa slegið brotaþola með flötum lófa í andlit í viðurvist tveggja barna þeirra á sambúðartíma aðila. Um atvik samkvæmt þessum ákærulið standa einungis orð ákærða gegn orðum brotaþola. Engin önnur gögn liggja fyrir í málinu sem varpa frekari ljósi á málsatvik. Með hliðsjón af sönnunarreglum og sönnunarkröfum laga nr. 88/2008, eins og fyrr greinir í niðurstöðum dómsins, er ósannað gegn eindreginni neitun ákærða fyrir dómi, að hann hafi brotið með refsiverðum hætti gegn brotaþola á tilgreindan hátt.

8. ákæruliður

Samkvæmt þessum ákærulið er ákærði sakaður um hafa ítrekað hótað brotaþola lífláti frá því hún gekk með barn aðila, sem fæddist í [...] 2021. Samkvæmt ákærunni á hann að hafa meðal annars sagt „ef þú hættir með mér þá myrði ég þig. Ákæran miðar við að sumar þessara hótana hafi ákærði sett fram í viðurvist barna aðila. Ákærði hefur alfarið neitað sök varðandi þennan ákærulið. Framburður brotaþola fyrir lögreglu og fyrir dómi er samkvæmur og trúverðugur um að ákærði hafi viðhaft þessi ummæli gagnvart sér í viðurvist barnanna. Vitnið B, móðir brotþola, kvaðst fyrir dómi hafa heyrt þegar hún bjó á heimilinu að ákærði hafi hótað brotaþola með því að segja „Ef ég þarf að fara út þá myrði ég þig.“ Vitnið kvaðst hafa heyrt ummælin inn í herbergi þar sem hún var að leika við eitt barnanna. Við frumrannsókn málsins var sambærilegt atvik haft eftir vitninu. Dómurinn telur framangreindan framburð vitnisins trúverðugan. Samkvæmt öllu því sem að framan er rakið þykir hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem á hann er borinn í þessum ákærulið.

Er þá lokið umfjöllun dómsins um einstaka ákæruliði. Ákærði er fundinn sekur samkvæmt 1. og 8. tölulið ákærunnar. Þá er hann sekur að hluta samkvæmt 6. tölulið ákærunnar. Eftir stendur að heimfæra þá háttsemi til refsíákvæða.

Heimfærsla til refsíákvæða

Ákvæði 218. gr. b almennra hegningarlaga um brot í nánu sambandi komu ný inn í lög in í apríl 2016, samanber 4. gr. laga nr. 23/2016. Samkvæmt 1. mgr. 218. gr. b skal hver sá sæta fangelsi allt að sex árum, sem endurtekið eða á alvarlegan hátt ógnar lífi, heilsu eða velferð núverandi eða fyrrverandi maka síns eða sambúðaraðila, barna sinna eða annarra sem búa með honum á heimili eða eru í hans umsjá, með ofbeldi, hótunum, frelsissviptingu, nauðung eða á annan hátt.

Með lögum nr. 27/2006 var lögfest nýtt ákvæði, 3. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga, til að bregðast við heimilisofbeldi í samfélaginu. Með áðurgreindum lögum nr. 23/2016, sem einnig breyttu almennum hegningarlögum, má greina áherslubreytingar á afstöðu löggjafans til heimilisofbeldis. Þar er fyrst til að taka að lögfest var sérstakt refsíákvæði um brot í nánu sambandi, sem á að tryggja þolendum meiri og beinskeyttari réttarvernd. Með hinu nýja ákvæði 218. gr. b almennra hegningarlaga er áherslan lögð á það ógnar- og óttaástand sem heimilisofbeldi getur skapað og þá langvarandi, andlegu þjáningu, kúgun og vanmátt sem því getur fylgt. Refsinæmi hins nýja ákvæðis er þannig ekki bundið við verknaði sem nú þegar fela í sér sjálfstæða refsiverða háttsemi, s.s. ofbeldi og hótanir, „heldur taki það jafnframt til þess ef lífi, heilsu eða velferð þolanda er ógnað á annan hátt sem ekki getur falið í sér sjálfstæða refsiverða háttsemi samkvæmt gildandi lögum“ Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að þeir einstaklingar sem ákvæðið veiti sérstaka réttarvernd, þ.e. fyrrverandi og núverandi maki og aðrir sem búa með geranda á heimili eða eru í hans umsjá, séu meðal þeirra sem mynda kjarna þess hóps sem telja verði að nauðsynlegt sé að veita sérstaka vernd gegn ofbeldi í nánum samböndum. Réttarvernd ákvæðisins sé þó ekki bundin við þá sem þar eru sérstaklega nefndir heldur geti eftir atvikum einnig náð til annarra sem búa með geranda á heimili eða eru í hans umsjá, svo sem systkina, fósturforeldra og fósturbarna. Tekið er fram að sambúðarmaki í skilningi ákvæðisins verði ekki túlkað svo þröngt að nauðsynlegt sé að sambúð hafi formlega verið skráð hjá yfirvöldum svo ákvæðið komi til skoðunar.

Af framangreindri umfjöllun má ráða að ákvæði 218. gr. b feli í sér samsetta og sérhæfða verknaðarlýsingu og telst slík lýsing til rýmkaðra brota í skilningi refsiréttar. Byggir 1. mgr. ákvæðisins öðrum þræði á því að lýst háttsemi sé endurtekin og samkvæmt 2. mgr. horfir meðal annars til refsíþyngingar ef brot hefur staðið yfir í langan tíma. Samkvæmt verknaðarlýsingu ákvæðisins er um svokallað ástandsbrott að ræða. Sú aðferð að virða tvö eða fleiri brot sem aðeins eitt af brotum felur í sér verulega breytingu frá eldra réttarástandi, gerendum í óhag.

Við heildarmat á framferði ákærða ber að líta til þess að brotaþoli hefur bæði hjá lögreglu og fyrir dómi borið með trúverðugum hætti um að ákærði hafi á sambúðartímanum verið uppstökkuð og ofbeldishneigður, s.s. oft tekið um andlit hennar og kjálka, tekið hana hálstaki, slegið hana í andlitið með flötum lófa og hótað henni með orðum á grófan hátt. Ákærði kvað sambúðina hafa verið erfiða og hafi brotaþoli stundum verið afbrýðisöm. Hún hafi verið árásgjörn, kýlt hann og klórað stundum til blóðs, án þess að hann gripi til ofbeldis. Þessi lýsing ákærða mun vera einkennandi fyrir gerendum í ofbeldissamböndum og í andstöðu við trúverðuga lýsingu brotaþola að hún hafi oftast þurft að taka tillit til skapofsa ákærða við daglegar athafnir sínar á heimili þeirra.

Gögn málsins hníga öll í þá átt að styðja frásögn brotþola og er meðal annars vísað til vitnisburðar B, D, H, lögreglumanns, fyrir dómi, svo og vottorðs læknisins F. Að slepptri neitun ákærða á sök fyrir dómi er ekkert sem styður framburð hans í málinu um þau atvik sem hann er sakfelldur fyrir.

Samkvæmt öllu framansögðu og sér í lagi stöðugum og trúverðugum framburði brotþola hjá lögreglu og fyrir dómi, sem fær stoð í rannsóknargögnum málsins, þar með talið vottorð læknisins F og vitnisburði B, móður brotþola, sem bjó um tíma á heimilinu, er sannað að ákærði hafi í nánu sambandi, á tímabilinu frá apríl 2020 til 10. nóvember 2022 endurtekið og á alvarlegan hátt ógnað lífi, heilsu og velferð brotþola og valdið henni andlegum og líkamlegum þjáningum, auk þess sem þessi hegðun í viðurvist barna þeirra og móður brotþola, móðgaði og smánaða hana og sýndi börnum þeirra vanvirðandi háttsemi og yfirgang að refsingu varði samkvæmt 1. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga.

Ákvæði 218. gr. b almennra hegningarlaga voru meðal annars fest í lög til að vernda börn sem búa við heimilisofbeldi, óháð því hvort slíkt ofbeldi bitni beinlins á þeim eða þau verði beint vitni að slíku og áhersla lögð á það ógnar- eða óttaástand sem ofbeldi getur skapað og þá andlegu þjáningu og vanmátt sem því getur fylgt. Í málinu liggur ekkert fyrir um að ákærði hafi beitt börnin þrjú sem voru á heimilinu ofbeldi, en þau urðu vitni að slíku ofbeldi ákærða gagnvart móður þeirra í einhver skipti eins áður greinir og því þolendur heimilisofbeldis. Ákvæði 218. gr. b almennra hegningarlaga er sérákvæði um ofbeldi gagnvart börnum og öðrum í nánu sambandi og er með hærri refsímörk en refsíákvæði 1. og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, sem ákærða er einnig gefið að sök í ákæru að hafa brotið. Ákvæðið tæmir því sök gagnvart framangreindum ákvæðum barnaverndarlaga og verður háttsemi ákærða því ekki jafnframt heimfærð til þeirra, samanber dóm Hæstaréttar í máli nr. 42/2021.

Ákvörðun refsingar

Samkvæmt framlögðu sakavottorði hefur ákærði ekki sakaferil sem áhrif hefur á refsingu í þessu máli og horfir það honum til málsbóta. Tafir urðu á meðferð málsins fyrir útgáfu ákæru, sem verða ekki raktar til atvika sem ákærða verði kennt um og horfir það til mildunar.

Til þyngingar refsingu horfir að brot ákærða beindust að sambýliskonu hans og barnsmóður á heimili þeirra í viðurvist barna þeirra og fleiri fjölskyldumeðlima að hluta.

Að öllu framangreindu virtu, og með vísan til 1., 3. og 5. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, er refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í þrjú mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og fellur hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dómsins að telja haldi ákærði almennt skilorð 3. mgr. 57. gr. sömu laga, með síðari breytingum.

Með vísan til 1. mgr. 235. gr. laga um meðferð sakamála og málsúrslita, þar sem ákærði er sýknaður af hluta ákæruatriða, verður hann dæmdur að greiða 1/3 hluta alls sakarkostnaðar. Um er að ræða 1/3 málsvarnarlauna skipaðs verjanda ákærða og þóknunar skipaðs réttargæslumanns brotþola vegna vinnu beggja á rannsóknarstigi og fyrir dómi, að meðtöldum virðisaukaskatti, eins og greinir í dómsorði. Sakarkostnaður greiðist að öðru leyti úr ríkissjóði.

Ingvar Þóroddsson, settur héraðsdómari, kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í þrjú mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og fellur hún niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dómsins að telja, haldi ákærði almennt skilorð 3. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955 og 39/2000, 3. gr.

Ákærði greiði 816.667 krónur í sakarkostnað þar með talið 1/3 hluta málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Friðriks Smárásonar, lögmanns, sem nema alls 1.500.000 krónum og 1/3 hluta þóknunar skipaðs réttargæslumanns brotþola, Auðar Harnar Freysdóttur, lögmanns, sem nemur alls 950.000 krónum. Að öðru leyti greiðist sakarkostnaður úr ríkissjóði.